

BORGARRÁÐ 7. febrúar 2019: Tillaga borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um kynningu vegna Grensásvegar 12 - R17090010

Lagt er til að fram fari kynning á málefnum Grensásvegs 12 á næsta fundi borgarráðs, í ljósi þess að riftun kaupsamnings hefur nú farið fram. Forsaga málsins er sú að borgarráð samþykkti í septembermánuði árið 2017 að heimila SEA kaup á fasteigninni við Grensásveg 12, fyrir 785 m.kr., undir 24 félagslegar íbúðir. Samkvæmt samningi átti að afhenda íbúðirnar þann 1. apríl 2018. Tveimur mánuðum síðar setti Vinnueftirlitið bann við vinnu á staðnum, en eftirlitsheimsókn leiddi í ljós að aðbúnaður var síður en svo í samræmi við vinnuverndarlögin. Í maímánuði sl. var svo greint frá því að asbest hafi verið fjarlæggt úr húsinu, án þess að sótt hefði verið um tilskilin leyfi og viðeigandi hlífðarbúnaður væri til staðar. Á borgarráðsfundi í dag var aflétt trúnaði um riftun kaupsamningsins af hálfu Reykjavíkurborgar. Athygli vekur að riftun samningsins, sem er undirritaður af borgarstjóra sjálfum, Degi B. Eggertssyni, var ekki gerð á grundvelli aðstæðna á vinnustað, heldur vegna tafa á verkinu. En vafi leikur á lögmæti slíkrar riftunar enda hefur henni verið mótmælt. Með hliðsjón af framanrituðu vekur það furðu að ákvæði um keðjuábyrgð, sem samþykkt var í innkaupráði hinn 29. apríl 2016, skuli ekki vera inni í umræddum samningi. Ákvæðið, sem á við um útboðsgögn og verksamninga Reykjavíkurborgar, kveður á um að sýni verktaki ekki fram á að farið sé eftir löggjöf á sviði vinnuverndar geti Reykjavíkurborgar rift verksamningi. Ljóst er á þessu að málið er klúður frá upphafi til enda og þarfnast frekari skoðunar við.